

32. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 01.12.2009.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Pálína Jónsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

Fundarefni.

Skoðun á göngu- og hjólreiðastígum í hverfinu.

Farinn var stór hringur í hverfinu þann 7. nóvember síðastliðinn og teknar niður athugasemdir ef einhverjar voru og einnig voru teknar ljósmyndir. Fannst nefndarmönnum sem mikið væri búið að vinna að þessum málum í hverfinu og er það vel.

Samkvæmt skipulagi Akureyrarbæjar á sú vinna að halda áfram á næstu árum og mun nefndin fylgjast með þeim framkvæmdum. Athugasemdir til Akureyrarbæjar látnar bíða um sinn.

Kynnt var bréf frá Akureyrarbæ dags. 20. nóvember 2009.

Efni: Tilkynning vegna auglýsingar á tillögum að deili- og aðalskipulagsbreytingum vegna hafnarsvæðisins í Krossanesi.

Hverfisnefnd sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa skipulagstillögu.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar.

Svar kom frá Dagnýju Harðardóttir 26. nóvember um það hvort hverfisnefndin fengi lista frá Akureyrarbæ varðandi hvað hún teldi nauðsynlegar framkvæmdir í hverfinu á næsta fjárhagsári. Kom fram í svari Dagnýjar að ekki yrði sá háttur hafður á í ár og var hverfisnefnd bent á að hafa samband við framkvæmdarráð um fyrirhugaðar framkvæmdir á næsta ári í hverfinu.

Rusladallar.

Einn nefndarmanna hafði fengið sér gönguferð í hverfinu nýlega og lenti í vandræðum með að losa sig við rusl. Ræddi nefndin um þessi mál og bókað var að nefndarmönnum fannst ekki nærri nógu margar rusladallar í hverfinu.

Fleira var ekki rætt en þess í stað gæddu nefndarmenn sér á jólasmaakökum og jólablandi.

Næsti fundur verður 12. janúar 2010 klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 1. desember 2009
Brynja Sig.